

Föstudaginn 11. ágúst 1995.

Nr. 269/1995.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

gegn

Runólfi Oddssyni

Kærumál. Leit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 27. júlí 1995, sem barst réttinum 3. ágúst sl. Krefst hann þess, að úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1995 um heimild lögreglustjórans í Reykjavík til húsleitar á heimili varnaraðila eða bifreið hans að tveimur hundum, verði úr gildi felldur og honum tildæmdur kærumálskostnaður. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili kveðst fyrst hafa fengið hinn kærða úrskurð í hendur 25. júlí sl., eftir að hann hafði fengið vitnaskju um hann daginn áður. Telst kærán fullnægja ákvæðum 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991.

Af hálfu sóknaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurðar verði staðfestur.

Í kæru sinni til Hæstaréttar kveðst varnaraðili ekki vera með ólöglega hunda á heimili sínu. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að upplýsingar hafi borist um það frá yfirvöldum á Selfossi, að annar hunda varnaraðila væri nú skráður þar. Hins vegar segir sóknaraðili, að ekki sé vitað með vissu um geymslustað hins hundsins. Í gögnum málsins kemur fram, að hann hefur ekki verið að Ála-kvísl 126 í Reykjavík eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar.

Rúmur mánuður er liðinn, frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp. Fram er komið í málinu samkvæmt framansögðu, að aðstæður eru nú aðrar en voru við uppkvaðningu úrskurðarins. Sóknaraðili hefur því ekki sýnt fram á, að efni séu til að láta úrskurðinn standa áfram, og verður hann því felldur úr gildi. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 1995.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að heimiluð verði með dómsúrskurði húsleit að tveimur óleyfilegum hundum að Álakvísl 126 í Reykjavík, heimili Runólfs Oddssonar, kt. 290656-4519, og einnig í bifreið hans, IC-606.

Lögreglan kveður Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafa farið þess á leit við lögreglu, að hún veitti aðstoð við að taka tvo hunda og færa í geymslu á Dýraspítalann. Borgarráð hafi afturkallað leyfi eiganda hundanna frá og með 1. júní sl., og hafi hann því ekki tilskilin leyfi fyrir hundunum, auk þess sem sameigendur Runólfs að Álakvísl 124-136 hafi kvartað undan þeim. Lögreglan hafi margsinnis reynt að ná sambandi við Runólf án árangurs. Þá hafi lögmaður Runólfs fullyrt í fram lögðu bréfi, að Runólfur muni ekki sjálfviljugur afhenda öðrum hundana. Þá er vitnað til þeirrar afstöðu Hollustuverndar ríkisins að mæla ekki með því, að aðgerðum verði frestað, á meðan málið er til meðferðar.

Lögreglan kveðst rannsaka ætluð brot gegn samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 305/1989, lögum um hundahald nr. 7/1953 og lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og kveðst einnig vísa til 1. mgr. 89., sbr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 19/1991 varðandi kröfu um húsleit.

Með vísan til alls framanritaðs, rannsóknargagna málsins og skírskotun til 1. mgr. 89. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að veita lögreglustjóranum í Reykjavík heimild til leitar á framangreindum stöðum, eins og krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

Arnfríður Einarasdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögreglustjóranum í Reykjavík er heimilt að gera húsleit að tveimur óleyfilegum hundum að Álakvísl 126 í Reykjavík á heimili Runólfs Oddssonar, kt. 290656-4519, og einnig í bifreið hans, IC-606.